

132. löggjafarþing 2005–2006.

Þskj. 711 – 481. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Munnlegt svar ráðherra

Háttvirtur 4. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður og 3. þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður hafa beint til míni fyrirspurn um hvort ég telji þörf á að koma upp öldrunargeðdeild á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og ef svo, hvort áform séu um að það verði gert.

Virðulegi forseti.

Málefni aldraðra eru ört vaxandi málaflokkur, þjónustan er viðkvæm og verkefnin varða nær öll svið heilbrigðispjónustunnar. Einn mikilvægra þátta er geðheilbrigðispjónusta sem segja má að sé að mörgu frábrugðin og að sumu leyti flóknari þegar um er að ræða aldraða en yngra fólk. Þetta er ekki síst vegna þess að oft fara saman hjá öldruðum fjölpætt heilsufarsvandamál og því mikil lyfjanotkun, samhliða heilabilunareinkennum og minnissjúkdómum þar sem erfitt getur verið að greina á milli orsaka og afleiðinga. Í ljósi þessa er það mat mitt að aldraðir þurfi á sérhæfðri geðheilbrigðispjónustu að ræða. Aftur á móti er ekki einhlítt hvernig standa skuli að slíkri þjónustu og hvernig henni skuli fyrir komið.

Virðulegi forseti.

Í desember síðastliðinn skipaði ég 15 manna faghóp undir formennsku skrifstofustjóra öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem ég fól að koma með ábendingar um hvernig bæta má geðheilbrigðispjónustu við aldraða hér á landi. Hópurinn er skipaður þannig að innan hans er tryggð góð yfirsýn yfir málaflokkinn, fagþekking og reynsla. Ég ætla hópnum tiltölulega skamman tíma til að fara yfir þessi mál og vænti þess að hann skili mér greinargerð með ábendingum sínum í lok mars þar sem fram kemur hvar helst þarf að bæta þjónustuna og hvaða leiðir eru vænlegastar. Faghópurinn hefur þegar haldið tvo vinnufundi og er mér kunnugt um að sérhæfð geðheilbrigðispjónusta fyrir aldraða á stofnunum og fyrirkomulag slíkrar þjónustu er meðal þess sem sérstaklega hefur verið rætt.

Í framhaldi af vinnu faghópsins stefni ég að því að taka ákvarðanir um helstu áherslur og forgangsröðun verkefna sem lúta að geðheilbrigðispjónustu við aldraða.

Virðulegi forseti.

Ég vona að svar mitt feli í sér fullnægjandi upplýsingar vegna fyrirspurnar háttvirtra þingmanna.

(Talað orð gildir)